



512. fundur stjórnar SASS haldinn að Austurvegi 56 á Selfossi föstudaginn 30. september 2016, kl. 12:00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Sæmundur Helgason, Anna Björg Níelsdóttir. Páll Marvin Jónsson tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Eggert Valur Guðmundsson forfallaðist og í hans stað kom Ari Thorarensen. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fundi stjórnar SASS og Menningarráðs Suðurlands.

Stjórnarfundur Menningarráðs Suðurlands

Dagskrá:

Á ársþingi SASS 2015 var samþykkt að stjórn Menningarráðs Suðurlands væri skipuð sömu aðilum og kosnir voru í stjórn samtakanna.

Á dagskrá stjórnarfundarins lá fyrir tillaga um slit á Menningarráði Suðurlands sem leggja á fyrir komandi ársþing SASS. Tillagan er svohljóðandi:

„Stjórn samþykkir að slíta Menningarráði Suðurlands. SASS tekur yfir verkefni og starfsemi Menningarráðs Suðurlands.

Eignir og skuldir Menningarráðs Suðurlands flytjast til SASS og samtökin taka einnig yfir samninga og skuldbindingar ráðsins.“

Tillagan var samþykkt. Ekki voru önnur mál tekin fyrir á fundinum og var honum því slitið.

Stjórnarfundur SASS

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 511. fundar undirrituð.

2. Ársþing SASS 2016

a. Dagskrá ársþings og aðalfundar.

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu uppfærð drög að dagskrá komandi ársþings og aðalfundar SASS sem fram fer á Hnappavöllum í Öræfum, Hótelu Jökulsárlóni, 20. – 21. október nk. Í uppfærðum drögum er gert ráð fyrir að Ungmennaráð Suðurlands kynni áform sín og að Markaðsstofa Suðurlands kynni verkefnið *Markaðsgreining Suðurlands*. Á aðalfundinum verða lagðar fram tillögur um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands, tillaga um sameiginlega lögreglusamþykkt fyrir Suðurland og að áfram verði unnið að gerð kortargrunna fyrir svæðið. Jafnframt var samþykkt að Ásgerður Kristín

Gylfadóttir og Björn Ingi Jónsson bæði frá sveitarfélaginu Hornafirði verði fundarstjórar á þinginu. Dagskrárnar voru staðfestar.

- b. Starfsskýrsla SASS 2015 – 2016.
Er í vinnslu hjá starfsmönnum samtakanna.
- c. Tillaga að breytingum á samþykktum SASS.
Fyrir liggur tillaga frá stjórn sem lögð verður fyrir aðalfundinn.
- d. Drög að fjárhagsáætlun SASS 2017
Framkvæmdastjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun 2017. Samþykkt var að gera tvær breytingar á fyrirbyggjandi drögum, þ.e. að miða skyldi við 3,9% verðlagshækkun á milli ára og að framlag sveitarfélaganna til Sóknaráætlunar hækkaði um 2 m.kr. frá fyrra ári.
Fasteignasölunum Árborgum og Lögmönnum Suðurlandi hefur verið falið að selja fasteign samtakanna að Austurvegi 56.
- e. Tillaga að slitum á Menningarráði Suðurlands.
Fyrir fundinum liggur fyrir tillaga frá stjórn Menningarráðs Suðurlands um að ráðinu verði slitið. Ákveðið var að leggja til við aðalfund samtakanna tillögu um að slíta Menningarráði Suðurlands og að samtökin taki yfir samninga og skuldbindingar þess.
- f. Formenn nefnda á ársþingi SASS 2016.
Fjárhagsnefnd - Sandra Dís Hafþórsdóttir
Kjörbréfa- og kjörnefnd - Aldís Hafsteinsdóttir
Allsherjarnefnd - Ásta Stefánsdóttir
Mennta- og menningarmálanefnd - Sæmundur Helgason
Umhverfis- og skipulagsnefnd - Ágúst Sigurðsson
Velferðarnefnd - Hildur Sólveig Sigurðardóttir
Atvinnumálanefnd - Jón Páll Kristófersson
Samgöngunefnd - Ásgeir Magnússon

3. Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu

a) Samgönguáætlun – álit umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Lagt fram til kynningar.

b) Ísland ljóstengt

Formaður og framkvæmdastjóri sögðu frá fundi sem haldinn var í innanríkisráðuneytinu sl. mánudag með fulltrúum ráðuneytisins, stýrihópnum og fulltrúum landshlutasamtakanna.

Niðurstöðu liggja ekki fyrir hjá vinnuhópnum en vonir standa til að reynt verði að fá aukið fjármagn í verkefnið vegna sérstakra byggðasjónarmiða. Hugmyndin er jafnframt að deila fjármagni niður á landshluta og að heimamenn komi að forgangsriðun verkefna. Gert er ráð fyrir að árlega verði til skiptanna um 400 til 450 m.kr. næstu fimm árin eða samtals um 2,5 milljarðar kr.

Nauðsynlegt er að ríkið gangi sem fyrst frá fjarskiptaáætlun þannig að hagaðilar heima í héraði geti betur áttað sig á hvað framundan er í málaflokknum.

c) Skipan Suðurlandsnefndar

Á fundi ríkistjórnarinnar 8. september sl. var tillaga forsætisráðherra samþykkt um að starfshópur yrði skipaður. Hópurinn hefði það verkefni að móta framtíðarsýn fyrir svæðið frá Markarfljóti að Örfum og gera tillögur sem eru til þess fallnar að efla byggð og atvinnuvegi á svæðinu með sérstakri áherslu á grunnþjónustu og vaxtagreinar atvinnulífsins.

Sandra Dís Hafþórsdóttir og Bjarni Guðmundsson voru tilnefnd af stjórn SASS sem fulltrúar samtakanna en ráðuneytið óskaði eftir tilnefningu á konu og karli.

Verkefnið verður unnið í miklu samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu.

d) Kaup á sérhæfðum tækjum til iðnnáms við FSu

Stjórn SASS þakkar fjárlaganefnd Alþingis fyrir að hafa tekið af skarið með byggingu verknámshúss við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Nú hyllir undir að byggingarframkvæmdum verði að fullu lokið í desember nk. og er sá áfangi afar mikilvægur fyrir skólann og eflingu iðnnáms á Suðurlandi. Ljóst er þó að láðst hefur að gera ráð fyrir fjárframlagi til kaupa á nauðsynlegum kennslubúnaði til verknámskennslu. Um er að ræða kennslu í greinum sem ekki hafa verið kenndar við skólann áður og nýja áfanga sem krefjast meiri tækjabúnaðar en það grunnnám sem skólinn bauð áður upp á gerði. Er því að langmestu leyti um að ræða stofnbúnað sem skólinn fær ekki fjárframlög til að kaupa í gegnum framlög til rekstrar. Verði ekki fjárfest í nauðsynlegum kennslubúnaði mun hið nýja húsnæði koma að afar takmörkuðum notum og ekki verður unnt að efla iðnnám á Suðurlandi. Nemendur munu því eftir sem áður halda áfram að sækja nám umfram grunndeildarnám út fyrir svæðið. Kostnaður við kaup kennslubúnaðar er áætlaður 110 m.kr. Stjórn SASS beinir þeirri ósk því til fjárlaganefndar að veitt verði 66 m.kr. fjárveiting á fjáraukalögum til að mæta 60% kostnaðarhlut ríkisins vegna kaupa á stofnbúnaði til skólans. Stjórn SASS hefur ekki heimild til að skuldbinda aðildarsveitarfélögin fjárhagslega, en umræður um að sveitarfélögin leggi á móti sinn hluta kostnaðar, 40% eða 44 m.kr., hafa verið jákvæðar og hafa sveitarfélögin til þessa ávallt samþykkt að greiða það sem þeim ber vegna þessarar framkvæmdar, enda skiptir hún þau verulegu máli.

e) Uppbyggingasjóður Suðurlands

Alls bárust 86 umsóknir um styrki, þ.e. um 51 menningarverkefni og 35 nýsköpunarverkefni. Áætlaður heildarkostnaður verkefna er um 280 m.kr. og sótt var um 93 m.kr.



Næsti fundur verður haldinn að Hnappvöllum í Öræfum, Hótel Jökulsárlóni, miðvikudaginn 19. október nk. kl. 18:00.

Fundi slitið kl. 14:10

Gunnar Þorgeirsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Anna Björg Níelsdóttir
Ari Thorarensen
Páll Marvin Jónsson
Ágúst Sigurðsson
Bjarni Guðmundsson